

Nr. 23
5. júlí

Konungsúrskurður

um

konungsfánann.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer höfum allramildilegast úrskurðað þannig:

Konungsfáninn er heiðblár, en í honum hvítur íslenskur fálki, sitjandi, krýndur hinni íslensku kórónu og snýr fálkinn inn að stönginni. Hlutfallið milli breiddar fánans og lengdar er 18:25.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 5. júlí 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.